

Menntaskólinn á Akureyri

Lan 103

Vorönn 2013

4. FGHI

Áfangalýsing og almenn markmið:

Fjallað verður um landafræðina sem fræðigrein, helstu hugtök og aðferðir. Stuttlega verður fjallað um kort og kortagerð, bauganet og tímamismun, fjarkönnun og nýtingu hennar. Mannkynið verður til skoðunar og ýmis hugtök tengd mannfjölda og búsetu verða reifuð. Fjallað verður um náttúruauðlindir jarðar, nýtingu þeirra, misskiptingu og misnotkun. Sérstaklega verður fjallað um vatn og vatnsnotkun, ýmsa orkugjafa, kosti þeirra og galla. Allt þetta verður svo sett í samhengi við íbúadreifingu jarðar. Atvinnuhættir koma eitthvað við sögu og verður sérstaklega litið til Íslands í því samhengi. Ef tími vinnst til verður fjallað um veður og loftslag og nemendum kennt að lesa úr veðurspám.

Töluverð áhersla verður lögð á að nemendur geti tjáð hug sinn og taki afstöðu til ýmissa mála sem verið hafa í deigluinni síðustu árin. Af nógu er að taka í þeim efnum.

Námsgögn:

Landafræði fyrir framhaldsskóla, eftir Peter Östman o.fl. –valdir kaflar

Verkefni, kort og ýmis fjölrit frá kennara.

Veraldarvefurinn

Öll helstu gögn verða á moodle.

Helstu efnisatriði:

A	Landakort, heimurinn	G	Orkugjafar, stóriðja, mengun, aðrar auðlindir
B	Bauganet jarðar, varpanir, tímabelti, útreikningar	H	Iðnaður, landbúnaður, fiskveiðar, samgöngur, þjónusta
C	Fjarkönnun, loftmyndir	I	Veðurfræði
D	Mannkynið, fólksfjölgun, búseta	J	Borgvæðing
E	Vatn, öflun og nýting vatns, misskipting	K	Evrópa, samvinna eða sundrung
F	Áveitur, ræktun, umhverfisspjöll	L	Þróunarlönd

Fyrirkomulag:

Aðeins eru 4 kennslustundir á stundaskrá og því gert ráð fyrir nokkuð mikilli heimavinnu. Almenn má reikna með því að tvær kennslustundir á viku verði hefðbundnir fyrirlestrar kennara, tvær kennslustundir verði verkefnavinna í skólanum undir handleiðslu kennara og loks er ætlast til að nemendur lesi kennslubókina heima og útbúi þar „svindlmiða“ sem þeir fá síðan að hafa með sér í prófinu.

Á önninni gerir hver nemandi fimm „svindlmiða“ af stærðinni A6. Fjórum miðanna skilar hann til kennara sem hér segir:

Fyrsti miði: 28. febrúar - Annar miði: 31. mars - Þriðji miði: 30. apríl - Fjórði miði: 22. maí

Þessa fjóra miða fær nemandinn ekki aftur í hendur fyrr en í prófinu. Fimmta miðann má svo gera á meðan lesið er undir prófið og hafa hann með sér í það.

Námsmat:

- 8% Skil á hverjum svindlmiða á réttum tíma gildir 2%
- 12% Ýmis smærri verkefni sem skilað er til kennara.
- 20% Stærri verkefni sem útskýrð verða þegar kemur fram á önnina
- 60% Annarpróf.

Með von um glimrandi gleði og gott samstarf.

einar@ma.is & jonas@ma.is